

Venjuréttur alþjóðlegra mannúðarlaga

Meginreglan um greinarmun

Greinarmunur á almennum borgurum og hermönnum

1. regla. Aðilar átakanna skulu ávallt gera greinarmun á almennum borgurum og hermönnum. Árásum má eingöngu beina að hermönnum. Árásum má ekki beina að almennum borgurum.

2. regla. Bannað er að vinna ofbeldisverk eða beita hótunum um ofbeldi í því skyni fyrst og fremst að breiða út ótta meðal almennings.

3. regla. Allir liðsmenn hersveita á vegum aðila átakanna teljast hermenn nema hjúkrunarlið og starfslið trúarsamtaka.

4. regla. Hersveitir aðila átakanna eru hvers konar skipulagðar hersveitir, flokkar og deildir undir stjórn foringja sem ber ábyrgð á athæfi undirmanna sinna gagnvart þeim aðila.

5. regla. Til almennra borgara teljast þeir sem ekki eru liðsmenn hersveita. Til almennings teljast allir sem eru almennir borgarar.

6. regla. Almennir borgarar njóta sérstakrar verndar nema því aðeins að þeir taki beinan þátt í hernaðaraðgerðum og þá aðeins meðan sú þátttaka varir.

Greinarmunur á borgaralegum eignum og hernaðarlegum skotmörkum

7. regla. Aðilar átakanna skulu ávallt gera greinarmun á borgaralegum eignum og hernaðarlegum skotmörkum. Árásum má eingöngu beina að hernaðarlegum skotmörkum. Árásum má ekki beina að borgaralegum eignum.

8. regla. Að því er eignir varðar skal einskorða hernaðarleg skotmörk við þær eignir sem samkvæmt eðli sínu, staðsetningu, tilgangi eða notkun hafa raunverulegu hernaðarlegu hlutverki að gegna þannig að eyðing þeirra, að öllu leyti eða að hluta, hernám eða ónýting, við þær aðstæður sem ríkja á þeim tíma, hafa augljósan hernaðarávinning í för með sér.

9. regla. Borgaralegar eignir eru allar þær eignir sem ekki eru hernaðarleg skotmörk.

10. regla. Borgaralegar eignir njóta sérstakrar verndar nema því aðeins að þær séu hernaðarleg skotmörk og þá aðeins meðan að það varir.

Handahófskenndar árásir

11. regla. Handahófskenndar árásir eru bannaðar.

12. regla. Handahófskenndar árásir teljast

- a) árásir sem beinast ekki að ákveðnu hernaðarlegu skotmarki,

- b) árásir þar sem beitt er hernaðaraðferðum eða -leiðum sem ekki er hægt að beina að ákveðnu hernaðarlegu skotmarki, eða
- c) árásir þar sem beitt er þess háttar hernaðaraðferðum eða -leiðum að ekki er unnt að takmarka áhrif þeirra svo sem fyrir er mælt í alþjóðlegum mannúðarlögum, og eru þar af leiðandi þess eðlis í hverju einstöku tilviki að þær bitna tilviljunarkennt á hernaðarlegum skotmörkum, almennum borgurum eða borgaralegum eignum.

13. regla. Bannað er með hvers konar aðferðum eða leiðum að gera sprengjuárás á stórborg, bæ, þorp eða önnur svæði með svipuðu safni almennra borgara eða borgaralegra eigna eins og um einstakt skotmark sé að ræða þegar í raun er um fjölda skýrt aðgreindra og greinilegra hernaðarlegra skotmarka að ræða.

Meðalhóf þegar árásir eru gerðar

14. regla. Bannað er að gera árás sem búast má við að valdi handahófskenndu tjóni á lífi og limum almennra borgara, skemmdum á borgaralegum eignum eða hvoru tveggja, í óhóflegum mæli miðað við hinn einstaka og beina hernaðarávinning sem vænst er.

Varúðarráðstafanir á meðan árás stendur

15. regla. Við hernaðaraðgerðir skal þess ávallt gætt að hlífa almenningi, almennum borgurum og borgaralegum eignum. Gera ber hvers konar mögulegar varúðarráðstafanir til að forðast og í hvívetna takmarka handahófskennt tjón á lífi og limum almennra borgara og skemmdir á borgaralegum eignum.

16. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera allt sem unnt er til þess að sannreyna að þau skotmörk sem ráðist er á séu hernaðarleg.

17. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera hvers konar mögulegar varúðarráðstafanir við val hernaðaraðferða og -leiða, með það að augnamiði að forðast og í hvívetna takmarka handahófskennt mannfall og líkamstjón meðal almennra borgara, svo og að takmarka skemmdir á borgaralegum eignum.

18. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera allt sem unnt er til þess að meta hvort að búast megi við að árás valdi handahófskenndu tjóni á lífi og limum almennra borgara, skemmdum á borgaralegum eignum eða hvoru tveggja, í óhóflegum mæli miðað við hinn einstaka og beina hernaðarávinning sem vænst er.

19. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera allt sem unnt er til þess aflýsa eða stöðva árás ef ljóst er að skotmark hennar er ekki hernaðarlegt eða ef ætla má að árásin hafi í för með sér handahófskennt mannfall meðal almennra borgara, líkamstjón á almennum borgurum eða tjón á borgaralegum eignum, eða öllu þessu, sem er mun meira en sá beini og einstaki hernaðarávinningur sem vænst er.

20. regla. Sérhver aðili átakanna skal gefa rækilega viðvörðun fyrirfram um árásir sem kunna að snerta almenning, nema því aðeins að aðstæður leyfi það ekki.

21. regla. Þegar margra kosta er völ um hernaðarleg skotmörk til að ná svipuðum

hernaðarávinningi skal velja þann sem síst virðist ógna lífi almennra borgara og borgaralegum eignum.

Varúðarráðstafanir gegn afleiðingum árása

22. regla. Aðilar átakanna skulu gera hvers konar mögulegar varúðarráðstafanir til þess að vernda almenning og borgaralegar eignir undir stjórn þeirra fyrir afleiðingum árása.

23. regla. Sérhver aðili átakanna skal eftir fremsta megni forðast að finna hernaðarlegum skotmörkum stað á þéttbýlissvæðum eða í námunda við þau.

24. regla. Sérhver aðili átakanna skal eftir fremsta megni flytja almenna borgara og borgaralegar eignir sem eru á valdi þeirra af svæðum sem eru í námunda við hernaðarleg skotmörk

Menn og eignir sem njóta sérstakrar verndar

Hjúkrunarlið og starfslið trúarsamtaka og eignir þeirra

25. regla. Hjúkrunarlið, sem eingöngu eru falin hjúkrunarstörf, skal virða og vernda í hvívetna. Vernd þeirra fellur niður ef þeim er beitt til þess að vinna fjandmönnum tjón við ófriðaraðgerðir sem standa utan við mannúðarhlutverk þeirra.

26. regla. Óheimilt að refsa manni fyrir að rækja hjúkrunar- og lækningastörf sem eru í samræmi við siðareglur lækna eða að þvinga þann sem starfar að hjúkrun og lækningum til verka sem eru andstæð siðareglum lækna.

27. regla. Starfslið trúarsamtaka, sem eingöngu eru falin skyldustörf vegna trúmála, skal virða og vernda í hvívetna. Vernd þeirra fellur niður ef þeim er beitt til þess að vinna fjandmönnum tjón við ófriðaraðgerðir sem standa utan við mannúðarhlutverk þeirra.

28. regla. Hjúkrunarstöðvar sem eingöngu eru ætlaðar til sjúkrastarfa, skal virða og vernda í hvívetna. Vernd þeirra fellur niður ef þeim er beitt til þess að vinna fjandmönnum tjón við ófriðaraðgerðir sem standa utan við mannúðarhlutverk þeirra.

29. regla. Sjúkrafarartæki, sem eingöngu er ætlað til sjúkraflutninga, skal virða og vernda í hvívetna. Vernd þeirra fellur niður ef þeim er beitt til þess að vinna fjandmönnum tjón við ófriðaraðgerðir sem standa utan við mannúðarhlutverk þeirra.

30. regla. Óheimilt er að beina árásum að hjúkrunarliði eða starfsliði trúarsamtaka sem bera einkennismerki Genfarsamninganna samkvæmt þjóðarrétti.

Starfslið hjálparsamtaka og eignir þeirra

31. regla. Starfslið hjálparsamtaka skal virða og vernda.

32. regla. Eignir, sem notaðar eru við hjálparstarf, skal virða og vernda.

Starfslið friðargæslu og eignir þeirra

33. regla. Óheimilt er að beina árás að starfslíði og eignum á vegum friðargæslu sem starfar samkvæmt stofnskrá Sameinuðu þjóðanna þegar slíkt starfslíð og eignir eiga rétt á vernd sem veitt er óbreyttum borgurum og borgaralegum eignum samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum.

Blaðamenn

34. regla. Blaðamenn sem eru óbreyttir borgarar og starfa að verkefnum þar sem vopnuð átök fara fram skal virða og vernda.

Verndarsvæði

35. regla. Óheimilt er að beina árás að svæði sem til hefur verið stofnað til að vernda særða, sjúka og óbreytta borgara gegn afleiðingum hernaðaraðgerða.

36. regla. Óheimilt er að beina árás að hlutlausu svæði sem aðilar átakanna hafa samið um sérstaklega.

37. regla. Óheimilt er að beina árás að óvörðum stað.

Menningarverðmæti

38. regla. Sérhverjum aðila átakanna ber að virða menningarleg verðmæti:

- A. Í hernaðaraðgerðum skal þess sérstaklega gætt að valda ekki skemmdum á mannvirkjum sem nýttar eru til trúariðkunar, lista- og vísindastarfa, menntunar eða góðgerðarstarfsemi og á sögulegum minjum nema að því tilskildu að um sé að ræða hernaðarleg skotmörk.
- B. Verðmæti sem hafa mikla þýðingu fyrir menningarlega arfleifð mannkyns má ekki gera að skotmarki árásar nema því aðeins að hernaðarleg nauðsyn krefjist þess.

39. regla. Bannað er að nýta verðmæti sem hafa mikla þýðingu fyrir menningarlega arfleifð mannkyns ef hættu er á að þau verði fyrir eyðingu eða tjóni nema því aðeins hernaðarleg nauðsyn krefjist þess.

40. regla. Sérhverjum aðila átakanna ber að virða menningarleg verðmæti:

- A. Bannað er að leggja hald á eða eyðileggja stofnanir sem nýttar eru til trúariðkunar, góðgerðarstarfsemi, menntunar, lista og vísinda, og einnig sögulegar minjar og verk á sviði lista og vísinda.
- B. Hvers konar þjófnaður, rán eða gripdeildir eru bönnuð á verðmætum sem hafa mikla þýðingu fyrir menningarlega arfleifð mannkyns, svo og óréttmæt nýting á þeim og hvers kyns athafnir til að vinna á þeim spellvirki.

41. regla. Hernámsríki ber að koma í veg fyrir ólöglegan flutning á menningarverðmætum af hernumdu svæði og ber að skila til baka slíkum verðmætum til valdbærra yfirvalda á hernumda svæðinu hafi þau verið flutt þaðan ólöglega.

Stöðvar og mannvirki sem búa yfir hættulegri orku

42. regla. Gæta ber sérstakrar varúðar ef árás er gerð á stöðvar eða mannvirki sem búa yfir hættulegri orku, svo sem stíflur, flóðgarðar og kjarnorkuver og önnur mannvirki sem staðsett eru við eða í námunda við þau til þess að forðast að leysa úr læðingi hættulega orku og valda þannig þungbæru tjóni meðal almennings.

Náttúran

43. regla. Hinar almennu meginreglur um framkvæmd hernaðaraðgerða *gilda um* náttúruna:

- a) Óheimilt er að ráðast að neinu leyti á náttúruna nema því aðeins að hún sé hernaðarlegt skotmark.
- b) Óheimilt er að valda að neinu leyti spjöllum á náttúrunni nema því aðeins að brýn hernaðarleg nauðsyn krefjist þess.
- c) Bannað er að gera árás sem búast má við að valdi handahófskenndu tjóni á náttúrunni í óhóflegum mæli miðað við hinn einstaka og beina hernaðarávinning sem vænst er.

44. regla. Beita ber í hernaði aðferðum og leiðum þannig að tekið sé viðunandi tillit til verndar og varðveislu náttúrunnar. Allar tiltækar ráðstafanir skal gera við framkvæmd hernaðaraðgerða til að forðast og í hvívetna takmarka handahófskennt tjón á náttúrunni. Þegar ekki eru til staðar vísindalegar niðurstöður sem sýna fram á afleiðingar af vissum hernaðaraðgerðum fyrir náttúruna, leysir það ekki aðila átakanna undan að gera viðeigandi ráðstafanir.

45. regla. Bannað er að beita í hernaði aðferðum og leiðum sem ætlað er eða búast má við að valdi víðtæku, langæju og alvarlegu tjóni á náttúrunni. Náttúruspjöllum má ekki beita sem vopni í átökum.

Ýmsar hernaðaraðferðir

Grið

46. regla. Bannað er að skipa svo fyrir að engin grið verði gefin, að beina þess konar hótunum að andstæðingi eða að heyja stríð á slíkum grundvelli.

47. regla. Bannað er að ráðast á þá sem eru viðurkenndir sem óvígfarir. Maður sem telst vera óvígfar er

- a) hver sá sem er á valdi gagnaðila,
 - b) hver sá sem er ekki fær um að verjast vegna þess að hann hefur misst meðvitund, er skippreika eða vegna sára eða sjúkdóms, eða
 - c) hver sá sem gefur skýrt til kynna að hann hyggist gefast upp,
- svo fremi hann eða hún fellur í öllum þessum tilvikum frá hvers konar hernaðaraðgerðum og reynir ekki að flýja.

48. regla. Bannað er að gera þann að skotmarki árásar sem stekkur í fallhlíf úr loftfari í neyð á meðan hann er á niðurleið.

Eignir sem eru eyðilagðar eða gerðar upptækar

49. regla. Aðilar átakanna geta lagt hald á herbúnað sem tilheyrir gagnaðila.

50. regla. Bannað er að eyðileggja eða leggja hald á eignir andstæðings nema því aðeins að brýn hernaðarleg nauðsyn krefjist þess.

51. regla. Á hernumdu svæði

- a) kunna opinberar eignir að vera gerðar upptækar ef þær eru færanlegar og hægt að nýta þær til hernaðaraðgerða,
 - b) ber að fara með opinberar fasteignir samkvæmt reglum um nýtingarrétt, og
 - c) ber að virða einkaeignir og er ekki heimilt að gera þær upptækar,
- nema því aðeins að brýn hernaðarleg nauðsyn krefjist þess að slíkar eignir séu eyðilagðar eða gerðar upptækar.

52. regla. Rán og gripdeildir eru bannaðar.

Almenningur látinn svelta og aðgangur að hjálpargögnum

53. regla. Bannað er að er að beita hernaðaraðferðum sem miða að því að láta almenning svelta.

54. regla. Bannað er að ráðast á, eyðileggja, fjarlægja eða ónýta verðmæti sem eru almenningi ómissandi til þess að komast af.

55. regla. Aðilar átakanna skulu heimila skjóta og óhefta umferð hjálpargagna fyrir þurfandi almenna borgara og greiða fyrir henni sem verða má, enda hafi rétt til eftirlits með þeirri aðstoð sem veitt er og að sé hún óhlutdrægs eðlis og veitt án mismununar.

56. regla. Aðilum átakanna ber að sjá til þess að viðurkennt hjálparstarfslið hafi ferðafrelsi sem því er nauðsynlegt til að það geti sinnt skyldum sínum. Því aðeins að um sé að ræða brýna hernaðarnauðsyn má um stundarsakir reisa skorður við ferðum þess.

Blekkingar

57. regla. Herbrögð eru ekki bönnuð svo fremi að þau brjóti ekki í bág við nein ákvæði í alþjóðlegum mannúðarlögum.

58. regla. Bannað er að misnota hinn hvíta griðarfána.

59. regla. Bannað er að misnota einkennismerki Genfarsamninganna.

60. regla. Bannað er að nota einkennismerki eða einkennisbúninga Sameinuðu þjóðanna nema því aðeins að samtökin hafi heimilað það.

61. regla. Bannað er að misnota önnur alþjóðlega viðurkennd merki.

62. regla. Bannað er að misnota fána, hernaðarauðkenni, tignarmerki eða einkennisbúning andstæðingsins.

63. regla. Bannað er að misnota fána, hernaðarauðkenni, tignarmerki eða einkennisbúning hlutlauss ríkis eða annars ríkis sem ekki er aðili að átökunum.

64. regla. Bannað er að gera samning um að stöðva hernað í þeim ásetningi að gera skyndiárás gegn fjandmanni sem treystir slíkum samningi.

65. regla. Bannað er að lífláta, særa eða handtaka andstæðing með svikum. Samskipti við fjandmanninn

66. regla. Yfirmenn í hernaði geta haft samband sín á milli í friðsamlegum tilgangi og nýta hvers konar fjarSKIPTI til þess. Samskipti þessi skulu fara fram af heilindum.

67. regla. Sáttasemjarar njóta friðhelgi.

68. regla. Yfirmenn í hernaði geta gert nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að nærvera sáttasemjara valdi skaða.

69. regla. Sáttasemjarar, sem notfæra sér sérstöðu sína til að fremja verknað sem brýtur í bága við þjóðarétt og veldur andstæðingnum skaða, missa friðhelgi sína.

Vopn

Almennar meginreglur um beitingu vopna

70. regla. Bannað er að nota hernaðaraðferðir og -leiðir þess eðlis að valdi að óþörfu tjóni eða þjáningum.

71. regla. Bannað er að beita vopnum sem eru þess eðlis að valda handahófskenndum skaða.

Eiturefni

72. regla. Bannað er að beita eiturefnum eða eiturefnavopnum.

Sýklavopn

73. regla. Bannað er að beita sýklavopnum.

Efnavopn

74. regla. Bannað er að beita efnavopnum.

75. regla. Bannað er að beita tárágasi í hernaði eða efnavopnum af svipuðum toga.

76. regla. Bannað er að nota illgresiseyði í hernaði ef

- a) hann er þess eðlis að banna ætti notkun hans vegna þess að hann telst til efnavopna,
- b) hann er þess eðlis að banna ætti notkun hans vegna þess að hann telst til sýklavopna,
- c) honum er beint að gróðri sem ekki er hernaðarlegt skotmark,
- d) hann mun valda handahófskenndu tjóni á lífi og limum almennra borgara, skemmdum á borgaralegum eignum eða hvoru tveggja, í óhóflegum mæli miðað við hinn einstaka og beina hernaðarávinning sem vænst er, eða
- e) hann mun valda víðtæku, langæju og stórvægilegu tjóni á náttúrunni.

Byssukúlur sem þenjast út

77. regla. Bannað er að beita byssukúlum sem þenjast út eða fletjast út í mannlíkamanum.

Byssukúlur sem springa

78. regla. Bannað er að beita gegn liðsafla byssukúlum sem springa í mannlíkamanum.

Vopn sem aðallega særa með ógreinanlegum ögnum

79. regla. Bannað er að beita vopnum, sem fyrst og fremst er ætlað að særa menn með ögnum sem eru ógreinanlegar í mannlíkamanum með röntgenmyndum.

Sprengigildirur

80. regla. Bannað er að beita sprengigildrum sem á einhvern hátt *tengjast eða fylgja með* hlutum eða mönnum sem eiga rétt á sérstakri vernd samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum, eða setja þær á hluti sem líklega munu vekja áhuga almennra borgara.

Jarðsprengjur

81. regla. Þegar beitt er jarðsprengjum, ber að gæta sérstakrar varúðar til að forðast að virkni þeirra sé handahófskennd.

82. regla. Þegar aðili átakanna beitir jarðsprengjum, ber honum að skrá staðsetningu þeirra eftir því sem unnt er.

83. regla. Við lok hernaðaraðgerða ber aðila átakanna, sem beitt hefur jarðsprengjum, að fjarlægja þær eða gera þær skaðlausar á annan hátt, eða sjá til þess að þær séu fjarlægðar.

Íkveikjuvopn

84. regla. Ef beitt er íkveikjuvopnum, ber að gæta sérstakrar varúðar til að forðast og í hvívetna takmarka handahófskennt tjón á lífi og limum almennra borgara og skemmdir á borgaralegum eignum.

85. regla. Bannað er að beita íkveikjuvopnum gegn liðsafla nema því aðeins að ekki er mögulegt að beita vopnum sem valda minni skaða til að gera menn óvígfæra.

Leysivopn sem valda blindu

86. regla. Bannað er að beita leysivopnum, sem hafa einungis eða að einhverju leyti það hlutverk í hernaði, að gera menn, sem ekki geta varið augu sín, blinda frambúðar.

Meðferð almennra borgara og óvígfærra manna

Grundvallartryggingar

87. regla. Almennir borgarar og óvígfærir menn skulu njóta mannúðalegrar meðferðar.

88. regla. Þegar beitt er alþjóðlegum mannúðarlögum er bannað að mismuna mönnum vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungumáls, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða stöðu, fjárhagsstöðu, ætternis eða annarrar stöðu, eða af sérhverjum öðrum áþekktum ástæðum.

89. regla. Manndráp er bannað.

90. regla. Bannaðar eru pyndingar, grimmileg eða ómannúðleg meðferð og skerðing persónulegrar sæmdar, einkum auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð.

91. regla. Líkamlegar refsingar eru bannaðar.

92. regla. Bannaðar eru limlestingar, tilraunir í læknisfræði eða vísindum eða nokkur sú læknis meðferð sem er ekki tengd heilsufari hlutaðeigandi manns og ekki er í samræmi við viðurkenndar lækningaaðferðir.

93. regla. Nauðgun og annað kynferðislegt ofbeldi er bannað.

94. regla. Þrælahald og hvers kyns þrælaviðskipti eru bönnuð.

95. regla. Nauðungarvinna sem er ólaunuð eða grimmileg (*misþýður mönnum*) er bönnuð.

96. regla. Gíslataka er bönnuð.

97. regla. Bannað er að nota menn sem hlífðarskjöld til að verjast árásum.

98. regla. Bannað er að láta menn hverfa.

99. regla. Handahófskennd frelsissvipting er bönnuð.

100. regla. Engan má sakfella eða fangelsa nema að undangenginni réttlátri málsmeðferð fyrir dómi sem tryggir lágmarksréttaröryggi.

101. regla. Engan má ákæra né sakfella fyrir refsivert athæfi vegna verknaðar eða vanrækslu sem eru ekki refsiverð að landsrétti eða þjóðarétti þegar afbrotið var framið. Ekki má heldur ákvarða þyngri refsingu en þá sem við átti þegar hinn refsiverði verknaður var framinn.

102. regla. Engan má sakfella fyrir afbrot nema því aðeins að um sé að ræða einstaklingsbundna refsiaþbyrgð.

103. regla. Hóþrefsingar eru bannaðar.

104. regla. Virða ber sannfæringu og trúariðkun almennra borgara og óvígfærra manna.

105. regla. Fjölskyldulíf ber að virða eftir því sem unnt er.

Réttur á stöðu hermanna eða stöðu stríðsfanga

106. regla. Hermenn skulu greina sig frá almenningi meðan þeir taka þátt í árás eða hernaðaraðgerð til að undirbúa árás. Að öðrum kosti eiga þeir ekki rétt á stöðu stríðsfanga.

107. regla. Hermenn sem teknir eru til fanga þegar þeir taka þátt í njósnum eiga ekki rétt á stöðu stríðsfanga. Þá má ekki sakfella eða fangelsa án undangenginnar málsmeðferðar.

108. regla. Málaliðar, svo sem skilgreindir eru í I. viðbótarbókun, eiga ekki rétt á stöðu hermanna eða stríðsfanga

Særðir, sjúkir og skipreika

109. regla. Ávallt þegar aðstæður leyfa og einkum að loknum átökum skal hvor/hver aðili átakanna gera hvers konar mögulegar ráðstafanir án tafar í því skyni að leita særðra, sjúkra og skipreika, safna þeim saman og flytja á brott án mismununar.

110. regla. Særðir, sjúkir og skipreika skulu njóta, að svo miklu leyti sem unnt er og eins fljótt og aðstæður leyfa, þeirrar hjúkrunar og umönnunar sem á við ástand þeirra. Óheimilt er að mismuna þeim á öðrum grundvelli en læknisfræðilegum.

111. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera hvers konar mögulegar ráðstafanir í því skyni að vernda særða, sjúka og skipreika gegn misþyrmingum og ránum á eignum þeirra.

Hinir látnu

112. regla. Ávallt þegar aðstæður leyfa og einkum að loknum átökum skal sérhver aðili átakanna gera hvers konar mögulegar ráðstafanir án tafar í því skyni að leita látinna manna, safna þeim saman og flytja á brott án mismununar.

113. regla. Sérhver aðili átakanna skal gera hvers konar mögulegar ráðstafanir í því skyni að afstýra líkráni. Bannað er að limlesta lík af mönnum.

114. regla. Aðilar átakanna skulu kappkosta að greiða fyrir heimsendingu hinna jarðnesku leifa samkvæmt beiðni þess aðila sem þær tilheyra eða að tilmælum nánustu aðstandenda þeirra.

115. regla. Látnum mönnum ber að koma fyrir með tilhlýðilegri virðingu og virða skal grafreiti þeirra og þeim skal við haldið.

116. regla. Í því augnamiði að sanna deili á hinum látnu, skal sérhver aðili átakanna skrá allar fánlegar upplýsingar áður en þeir eru jarðsettir og merkja skal staðsetningu grafreita.

Þeir sem saknað er

117. regla. Sérhver aðili átakanna skal að svo miklu leyti sem unnt er gera grein fyrir þeim sem tilkynnt er að sé saknað vegna vopnaðra átaka og skal veita ættingjum þeirra allar tiltækar upplýsingar um örlög þeirra.

Menn sem sviptir hafa verið frelsi

118. regla. Mönnum sem sviptir hafa verið frelsi skal séð fyrir matvælum, vatni, húsnæði og læknishjálpi.

119. regla. Konur sem sviptar hafa verið frelsi skal vista í sérstökum búðum aðgreindum frá búðum karla nema þegar fjölskyldur er vistaðar sem slíkar. Konur sem sviptar hafa verið frelsi skulu lúta beinu eftirliti kvenna.

120. regla. Börn sem svipt hafa verið frelsi skal vista í sérstökum búðum aðgreindum frá búðum fullorðinna nema þegar fjölskyldur er vistaðar sem slíkar.

121. regla. Menn sem sviptir hafa verið frelsi skal vista í húsakynnum sem eru fjarri bardagasvæðum og sem stenst kröfur um hreinlæti og hollustuhætti.

122. regla. Rán á persónulegum eigum manna sem sviptir hafa verið frelsi eru bönnuð.

123. regla. Persónuupplýsingar um menn sem sviptir hafa verið frelsi skulu skráðar.

124. regla.

A. Í vopnuðu átökum milli ríkja skal veita Alþjóðaráði Rauða krossins reglubundinn aðgang að mönnum sem sviptir hafa verið frelsi sínu í því skyni að sannreyna þau skilyrði sem þeim eru búin á meðan þeir eru í haldi og til að koma aftur á sambandi á milli þeirra og fjölskyldna þeirra.

B. Í vopnuðum átökum, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, getur Alþjóðaráð Rauða krossins boðið aðilum átakanna þjónustu sína með það að augnamiði að vitja allra þeirra sem sviptir hafa verið frelsi sínu af ástæðum sem tengjast átökunum í því skyni að sannreyna þau skilyrði sem þeim eru búin á meðan þeir eru í haldi og til að koma aftur á sambandi á milli þeirra og fjölskyldna þeirra.

125. regla. Mönnum sem sviptir hafa verið frelsi sínu skal heimilt að skiptast á bréfum og skeytum við ættingja sína með fyrirvara um að sanngirni sé gætt hvað varðar tíðni þeirra og þörf yfirvalda til að ritskoða þau.

126. regla. Almennum borgurum sem vistaðir eru í búðum og mönnum sem sviptir hafa verið frelsi sínu vegna átaka, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, skal heimilt að fá heimsóknir, einkum

náinna ættingja, eins og kostur er.

127. regla. Trúarsannfæringu og trúariðkun manna sem sviptir hafa verið frelsi skal virða.

128 regla.

- A. Láta ber stríðsfanga lausa og senda þá til síns heima án tafar að beinum hernaðaraðgerðum loknum.
- B. Skyllt er að veita almennum borgurum, sem vistaðir eru í búðum, lausn um leið og ástæður þær sem leiddu til fangavistar þeirra eru ekki lengur fyrir hendi og eigi síðar en þegar beinum hernaðaraðgerðum lýkur.
- C. Láta ber menn sem sviptir hafa verið frelsi vegna vopnaðra átaka, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, lausa um leið og ástæður fyrir frelsissviptingu þeirra eru ekki lengur fyrir hendi.

Þá sem að ofan greinir má áfram svipta frelsi ef refsímál er til meðferðar gegn þeim eða ef þeir afplána dóm sem löglega er upp kvaddur.

Nauðungarflutningar og þeir sem fluttir hafa verið

129. regla.

- A. Aðilum að vopnuðum átökum milli ríkja er óheimilt að færa almenning á hernumdu svæði, að hluta eða í heild, úr landi eða flutt hann nauðungarflutningum nema því aðeins ef öryggi almennings eða brýn hernaðarnauðsyn krefji.
- B. Aðilum að vopnuðum átökum, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, er óheimilt að fyrirskipa flutning á almenningi, að hluta eða í heild, af ástæðum sem tengjast átökunum, nema því aðeins að öryggi almennings sem í hlut á eða brýn hernaðarnauðsyn krefji.

130. regla. Ríki getur ekki fyrirskipað færslu úr landi eða flutning hluta eigin þegna til svæðis sem það hernemur.

131. regla. Þegar almennir borgarar eru fluttur, skal gera allar mögulegar ráðstafanir til að þeir sem í hlut eiga hljóti við móttöku fullnægjandi aðbúnað að því er varðar húsnæði, hollustuhætti, heilbrigði, öryggi og næringu og að fjölskyldum sé ekki sundrað.

132. regla. Þeir sem hafa verið fluttir eiga rétt á að snúa eftir öruggum leiðum og af sjálfsdáðum til síns heima eða til vanalegs dvalarstaðar um leið og ástæður fyrir flutningi þeirra eru ekki lengur fyrir hendi.

133. regla. Virða skal eignarétt þeirra sem fluttir hafa verið.

Aðrir sem njóta sérstakrar verndar

134. regla. Virða ber sérstakar þarfir þeirra kvenna, sem vopnuð átök bitna á, fyrir vernd,

heilbrigði og aðstoð.

135. regla. Börn, sem vopnuð átök bitna á, eiga rétt á að njóta sérstakrar virðingar og verndar.

136. regla. Óheimilt er að skrá börn til þjónustu í hersveitum eða öðrum vopnuðum sveitum.

137. regla. Börn mega ekki taka þátt í hernaðaraðgerðum.

138. regla. Aldraðir, fatlaðir og veikburða fólk, sem vopnuð átök bitna á, eiga rétt á að njóta sérstakrar virðingar og verndar.

Framkvæmd

Alþjóðleg mannúðarlög í framkvæmd

139. regla. Sérhver aðili átakanna skal virða alþjóðleg mannúðarlög og tryggja að þau séu virt af hersveitum sínum og öðrum mönnum eða hópum sem fylgja fyrirmælum hans eða starfa undir stjórn eða umsjá hans.

140. regla. Skyldan til að virða alþjóðleg mannúðarlög og tryggja að þau séu virt er ekki undir því komin hvort að aðrir geri slíkt hið sama.

141. regla. Sérhvert ríki skal hafa lögfræðilegan ráðunaut til staðar þegar nauðsyn ber til í því skyni að leiðbeina yfirmönnum hersins af þeirri tign sem við á um beitingu alþjóðlegra mannúðarlaga.

142. regla. Ríkjum og aðilum átakanna ber að veita vopnuðum hersveitum sínum fræðslu um alþjóðleg mannúðarlög.

143. regla. Ríkjum ber að stuðla að því að almenningur fái kennslu í alþjóðlegum mannúðarlögum.

Alþjóðlegum mannúðarlögum framfylgt

144. regla. Ríkjum er óheimilt að hvetja til þess að aðilar átaka brjóti alþjóðleg mannúðarlög. Þeim ber að beita áhrifum sínum svo sem verða má til þess að stöðva brot á alþjóðlegum mannúðarlögum.

145. regla. Þegar þær eru ekki bannaðar samkvæmt þjóðarétti, eru hefndaraðgerðir í vopnuðum átökum háðar ströngum skilyrðum.

146. regla. Bannað er að beita hefndaraðgerðum gagnvart mönnum sem njóta verndar

samkvæmt Genfarsamningunum.

147. regla. Bannað er að beita hefndaraðgerðum gagnvart munum sem njóta verndar samkvæmt Genfarsamningunum og Haag-samningnum um vernd menningarlegra verðmæta.

148. regla. Aðilar að átökum, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, eiga ekki rétt á að beita hefndaraðgerðum. Bannað er að beita öðrum gagnaðgerðum gagnvart þeim sem ekki taka beinan þátt í hernaðaraðgerðum eða eru hættir þátttöku í þeim.

Ábyrgð og bætur

149. regla. Ríki ber ábyrgð á brotum á alþjóðlegum mannúðarlögum sem hægt er að rekja til þeirra, hér með talin

- a) brot sem framin eru af stofnunum þess, hér með taldar vopnaðar hersveitir þess,
- b) brot sem framin eru af mönnum eða aðilum sem hafa umboð til að beita stjórnvaldsaðgerðum,
- c) brot sem framin eru af mönnum eða hópum sem fylgja fyrirmælum þess eða starfa undir stjórn eða umsjá þess,
- d) brot sem framin eru af einstaklingum eða hópum sem njóta viðurkenningar þess eða það samþykkir líkt og um eigin aðgerðir sé að ræða.

150. regla. Ríki sem ber ábyrgð á brotum á alþjóðlegum mannúðarlögum ber að greiða fullar bætur fyrir tjón eða áverka sem af þeim hljóttast.

Einstaklingsbundin ábyrgð

151. regla. Einstaklingar bera refsíábyrgð vegna stríðsglæpa sem þeir fremja.

152. regla. Liðsforingjar og aðrir yfirmenn hersins bera refsíábyrgð vegna stríðsglæpa sem framdir eru samkvæmt skipunum þeirra.

153. regla. Liðsforingjar og aðrir yfirmenn hersins bera refsíábyrgð vegna stríðsglæpa sem framdir eru af undirmönnum þeirra ef þeir vissu, eða höfðu ástæðu til að vita, að undirmenn þeirra væru í þann mund að fremja eða voru að fremja slíka glæpi og gerðu ekki hvers konar nauðsynlegar eða hæfilegar ráðstafanir sem voru í þeirra valdi til að hindra þann verknað, eða ef slíkur glæpur hafði verið framinn, til að refsa hinum brotlega.

154. regla. Sérhverjum hermanni ber skylda til að neita að hlýða skipun sem er augljóslega ólögleg.

155. regla. Þegar undirmaður hlýðir skipun yfirmanns leysir það hann ekki undan refsíábyrgð ef hann vissi að hinn fyrirskipaði verknaður var ólöglegur eða að hann ætti að hafa vitað það vegna þess að hinn fyrirskipaði verknaður var augljóslega ólöglegur.

Stríðsglæpir

156. regla. Alvarleg brot á alþjóðlegum mannúðarlögum skulu teljast stríðsglæpir.

157. regla. Ríki eiga rétt á að beita alþjóðlegri lögsögu þegar innlendir dómstólar taka fyrir stríðsglæpi.

158. regla. Ríkjum ber að rannsaka meinta stríðsglæpi sem framdir hafa verið af þegnum þeirra eða af vopnuðum hersveitum, eða á landsvæði þeirra, og ef við á, að ákæra hina grunuðu. Einnig ber þeim að rannsaka aðra stríðsglæpi sem þau hafa lögsögu yfir, og ef við á, að ákæra hina grunuðu.

159. regla. Við lok hernaðaraðgerða skulu ráðandi yfirvöld leitast við að veita þeim sakaruppgjöf sem tekið hafa þátt í vopnuðum átökum, sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, eða þeim sem sviptir hafa verið frelsi af ástæðum tengdum hinum vopnuðu átökum að undanteknum þeim sem grunaðir eru um, sakaðir um eða eru dæmdir fyrir stríðsglæpi.

160. regla. Samþykktir um fyrningu eiga ekki við um stríðsglæpi.

161. regla. Ríki skulu eins og frekast er unnt kappkosta að hafa með sér samstarf í því skyni að auðvelda rannsóknir á stríðsglæpum og ákæra hina grunuðu.

